

Ár 2016, fimmtudaginn 14. október, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Gunnari Guðmundsyni dómara að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi

Fyrir er tekið: Mál nr. 4/2016.

Sigurður Bragi Guðmundsson og Aðalsteinn Símonarson  
gegn  
Bifreiðaíþróttaklúbbi Reykjavíkur

Gögn málsins nr. 1-12 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR.

Málið var höfðað með kæru móttækinni af skrifstofu ÍSÍ þann 4. júlí 2016. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins. Um sama leyti var málið kært til aga- og úrskurðarnefndar AKÍS, með sömu kröfum, en nefndin hefur m.a eftirfarandi hlutverk samkvæmt grein 3.1. í reglugerð AKÍS um aga-og úrskurðarmál:

„Aga og úrskurðarnefnd AKÍS skal hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda AKÍS og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Nefndin skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum AKÍS ásamt International Sporting Code. Skulu öll aga og úrskurðarmál innan vébanda AKÍS rekin fyrir aga og úrskurðarnefnd AKÍS nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum.“

Af þessu má ráða að Aga-og úrskurðarnefnd AKÍS er fyrsta dómstig í ágreiningsmálum á vettvangi akstursíþróttá í landinum.

Hinn 2. september s.l. kvað aga og úrskurðarnefnd AKÍS upp úrskurð varðandi ágreiningsefnið. Af þessu leiðir að Dómstóll ÍSÍ getur ekki dæmt í málinu sem dómstóll á fyrsta dómstigi, þar sem þegar liggur fyrir niðurstaða í málinu.

Um áfrýjun er hins vegar að finna eftirfarandi ákvæði í grein 16.1. í reglugerð AKÍS um aga og úrskurðarmál segir: Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum aga og úrskurðarnefndar AKÍS, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna.“

Ennfremur segir í grein 17.1. í sömu reglum að úrskurðum nefndarinnar um ágreiningsefni sem ekki verður skotið til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim úrskurðum ekki skotið til áfrýjunardómstóls ÍSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi, sem úrskurðað hefur verið um af aga og úrskurðarnefnd AKÍS, ekki til almennra dómstóla.

Af framansögðu ber að vísa máli þessu frá Dómstóli ÍSÍ

#### Úrskurðarorð

Máli þessu er vísað frá dómi.

